

1856.

23. apríl.

9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norð-ur- og austur-umdæminu um verzlunar-skýrslur¹.

Útaf fyrirspurn frá sýslumanninum í Norðurmúla sýslu viðvíkjandi því, hvort hinar lögboðnu ársskýrslur um verzlunina framvegis eigi sér stað eptir að lög 15. apríl 1854 um siglingar og verzlun á Íslandi hafa fengið gildi, hefir herra amtmaðurinn í þóknanlegu bréfi 2. febrúar þ. á. látið þá meiningu í ljósi, að tæðar skýrslur, þrátt fyrir ákvarðanir nýnefndra laga um að afhenda vöru- og tollskrár, sé nýtsamar bæði hvað landshagi snertir og af öðrum ástæðum, og hafið þér beðið um nákvæmari vísbending stjórnarráðsins í þessu efni.

Um þetta efni vil eg ekki láta hjá líða að skýra yður frá til eptirbreytni og frekari auglýsingar fyrir hlutaðeigendum, að stjórnarráðið að öllu fellst á meiningu þá, sem þér hafið látið í ljósi, nefnilega að framvegis skuli á ári hverju senda ofan nefndar skýrslur.

28. apríl.

10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norð-ur- og austur-umdæminu um bæjarstjórn á Akureyri o. s. frv.

Herra amtmaðurinn hefir í þóknanlegu bréfi 17. janúar þ. á. sent beiðni frá innbúum Akureyrar um, að bærinn fái bæjarstjórn sér og sé skilinn frá Hrafnagils hrepp, hverjum hann hingaðtil hefir verið sameinaður; en sýslumaður Briem hefir sagt álit sitt um þetta efni.

Um leið og eg sendi yður eptirrit af ofan nefndri beiðni, læt eg ekki hjá líða að tilkynna yður til þóknalegrar vitundar og frekari auglýsingar, að stjórnarráðið nú sem stendur ekki getur látið nokkra vissa meiningu í ljósi um framkvæmd hins umgetna fyrirtækis, þar ekki hefir verið lagt niður, hvernig haga

1) Sama dag var bréfi amtmannsins í vestur-umdæminu um sama efni svarað á sömu leið.

ætti þessu, en að stjórnarráðið að öðru leyti ekki er fráhverft því, að halda málinu lengra, þegar uppástunga um fyrirkomulag þess, sem bygð er á rökum, liggur fyrir hendi, og verða menn því að fela herra amtmanninum á hendur, að útvega uppástungu þessa á hagkvæmastan hátt. 1856.
28. apríl.

11. Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um kennslu kvenna í yfirsetufræði. 30. apríl.

Samkvæmt skipun stjórnarherra dómsmálanna lætur stjórnardeildin ekki hjá líða, til þóknanlegrar vitundar og til nauðsynlegrar eptirbreytni, að senda herra stiptamtmaninum (amtmaninum) eptirrit af umburðarbréfi dómsmálastjórnarinnar til allra amtmanna í Danmörku, dagsettu 29. þ. m.¹

12. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi um sameining nokkurra prestakalla í Árness prófastsdæmi. 6. maí.

Eptir uppástungu herra stiptamtmannsins og yðar, háæru-

1) Umburðarbréf þetta er svo hljóðanda:

„Það dómsmálastjórnin hefir komizt að raun um, að það ber stundum við, að frásagnir þær, sem hlutaðeigandi landlæknar senda stjórnarnefndinni fyrir fæðingarhúsinu og uppfósturhúsinu, viðvikjandi því, að þörf sé á að kenna yfirsetukonum, ekki eru samkvæmar skýrslum amtmanna, og það menn verða að álita, að þetta komi til af því, að hlutaðeigandi landlæknir ekki hefir fengið vitneskju um hvað amtmaðurinn stingur uppá, þá eru það tilmæli mín til herra amtmannsins, að þér í málefnum þeim, sem snerta viðtöku þeirra kvenna, er kenna skal yfirsetufræði, ráðgist um við hlutaðeiganda landlækni, að minnsta kosti á þann hátt, að amtið birti honum í hvert skipti þegar einhver í hans umdæmi annaðhvort kemur í yfirsetukvennskólann eða skilur við hann.